



**Varðandi:** Tölvu- og kerfismál

**Málsnúmer:** 1710124

**Dagsetning:** 11.03.2020

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að veita fjármunum, samtals að fjárhæð kr. 1.000.000, til aðkeyptrar kerfislægrar vinnu og kaupa á nauðsynlegum hugbúnaði vegna fyrirhugaðrar sameiningar Microsoft Office kerfa Akraneskaupstaðar. Fjármununum skal ráðstafað af lið 20830-4995 og inn á deild 21400-4980.

---

**GREINARGERÐ:** Akraneskaupstaður er með tvo leigusamninga (tenants) í Office 365, annar er fyrir starfsmenn bæjarskrifstofu, áhaldahús og Höfða en hinn fyrir mennta- og frístundastofnanirnar. Leyfisgjöld fyrir þessa leigusamninga og réttindi sem þau veita er mjög ólík. Bæjarskrifstofusamningurinn er svokallaður Enterprise samningur eða leyfi sem gildir um venjuleg fyrirtæki og mennta- og frístundastofnanirnar eru með svokölluð Academic leyfi. Fyrirnefndu leyfin eru mun dýrari þar sem meira er unnið í skjáborðsforritum en Online forritum og mun fleiri kerfislausnir eru í boði.

Þegar Akraneskaupstaður ákvað að fara í Office 365 leiguumhverfi árið 2017 heimiluðu leyfisreglur Microsoft ekki annað en aðskilda samninga og að haldið væri sérstaklega utan um þá sem tilheyrðu hvorum samningnum fyrir sig. Aðstæður hafa breyst og í dag er kerfisstjórum treyst til að setja rétt leyfi á hlutaðeigandi starfsmenn innan beggja kerfa.

Munurinn á milli leigusamninganna er einnig sá að starfsfólk sem tilheyrir dýrari samningnum hefur til að mynda hefur sama notanda og lykilorð í innskráningu á tölvu og í online útgáfu Office 365 á meðan starfsfólk innan mennta- og frístundastofnanna þarf að vera með tvo mismunandi aðganga. Algengt er að viðkomandi gleymi aðgengisorðum sínum og þurfa þá aðstoð við að endursetja þau. Stærsti gallinn er sá að geta ekki nýtt samvinnu“verkfæri“ Microsoft eins og Teams og Sharepoint á milli samninga/ stofnanna en þeir sem standa utan samnings/stofnunarinnar eru alltaf skilgreindir sem gestir með takmarkaðan aðgang.



## Akraneskaupstaður

Lagt er til að þessir samningar (tenants) verði sameinaðir í Bæjarskrifstofusamninginn þ.e. Academic leyfin og póstdomain (brak.is, vallarsel.is o.s.frv.) færast þar með yfir. Pósthólfín verði færð og allir notendur geti nýtt sama notendanafn sitt í tölvu, póst, Teams, Sharepoint o.fl. Þannig verður til ein póstfangaskrá (e-mail addressbook) fyrir allar stofnanir sem auðveldar mikið í samskiptum milli stofnana. Með þessari vinnu tryggjum við einnig betra flæði gagna og öryggi þeirra sem og einnig verður betri yfirsýn starfsmanna um viðverustöðu hvers og eins sem auðveldar enn frekar samskipti.

Kostnaður við þetta mun nema allt að kr. 1.000.000 en sá kostnaður felst fyrst og fremst í aðkeyptri vinnu þar sem flytja þarf hvern og einn notenda á milli samninga og ljóst að kerfisstjóri einn gerir það ekki án þess að það komi niður öðrum störfum eða taki tiltölulega langan tíma.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Práinsson

bærarstjóri